

REGLUGERÐ

fyrir Læknaráð Landspítalans og Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg.

1. gr.

Skipan.

Við Landspítalann, Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg og Blóðbankann skal starfa læknaráð. Heitir það Læknaráð Landspítalans og Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg.

Í læknaráðinu eiga sæti allir læknar ofangreindra stofnana og aðrir sérfræðingar með háskólaprófi, ef störf þeirra snerta læknisþjónustu, svo og fulltrúar kandidata, einn frá hverri deild.

Atkvæðisrétt hafa þeir einir, er starfað hafa fullt ár á deildarskiptu sjúkrahúsi eða rannsóknarstofnun og eru ráðnir til starfa í einhverri ofangreindra stofnana, sem yfirlæknar, sérfræðingar eða aðstoðarlæknar, svo og fulltrúar kandidata, einn frá hverri deild.

Rétt til fundarsetu án atkvæðisréttar hafa formaður stjórnarnefndar ríkisspítalanna, framkvæmdastjóri og spítalastjóri (ef ráðinn verður.)

2. gr.

Hlutverk.

Læknaráðið skal stuðla að endurbótum í aðildarstofnunum, fylgjast með gæðum læknisþjónustunnar og stuðla, í samráði við læknadeild Háskólans, að menntun lækna og vísindarannsóknnum í stofnununum.

Læknaráð er ráðgefandi fyrir lækna aðildarstofnana og aðra sérfræðinga, stjórnarnefnd ríkisspítalanna og framkvæmdastjóra hennar um öll þau mál, sem varða læknisþjónustu, samstarf og samhæfingu í rekstri stofnananna.

3. gr.

Stjórnarkjör.

Læknaráðið kýs sér stjórn úr sínum hópi til tveggja ára. Formann, varaformann, ritara og tvo meðstjórnendur. Formann skal kjósa sérstaklega, svo og varaformann og ritara. Í fyrsta skipti, sem kosið er, skal varaformaður og ritari kosnir til eins árs, en formaður og meðstjórnendur til tveggja ára. Kosning skal vera skrifleg, ef óskað er, og eru þeir rétt kjörnir, sem fá flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn, ræður hlutkesti.

4. gr.

Aðalfundur læknaráðs.

Læknaráðið heldur aðalfund í aprílmánuði ár hvert, og skal boða til fundarins skriflega með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmatúr, sé löglega til hans boðað, sbr. og ákvæði 2. málsgreinar 5. greinar reglugerðar þessarar.

5. gr.

Almennir fundir læknaráðs.

Læknaráðið heldur fundi reglulega annanhvern mánuð á ákveðnum stað og tíma. Fundi skal þó eigi halda, nema sérstaka nauðsyn beri til, á tímabilinu 15. júní

til 15. sept. Aukafund skal halda, þegar nauðsyn krefur svo og ef $\frac{1}{5}$ lækna, sem sæti eiga í ráðinu, óska þess eða tveir stjórnarmanna. Fund skal boða skriflega og að jafnaði með viku fyrirvara.

Dagskrá skal fylgja fundarboði. Skýrsla stjórnar um stjórnarathafnir milli funda er fastur dagskrárliður. Við afgreiðslu mála ræður einfaldur meirihluti atkvæða, og er samþykkt lögmæt, ef fullur helmingur þeirra, sem atkvæðisrétt eiga í ráðinu, er á fundi.

Náist ekki næg fundarsókn, skv. þessu ákvæði, skal boða til annars fundar innan mánaðar, og er sá fundur lögmætur án tillits til fundarsóknar.

6. gr.

Reglugerðarbreytingar.

Læknaráðið getur gert tillögur til breytinga á reglugerð þessari og skulu slíkar tillögur kynntar og afhentar skriflega á síðasta fundi fyrir aðalfund og síðan skulu þær ræddar og bornar undir atkvæði á aðalfundi. Til samþykktar á slíkri tillögu þarf $\frac{2}{3}$ hluta greiddra atkvæða.

Reglugerð þessi staðfestist hér með skv. 2. gr. sjúkrahúsalaga nr. 54 10. júlí 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um yfirlæknaráð Landspítalans og Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg, nr. 138 11. júní 1964.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 1969.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

Nr. 292.

REIKNINGUR

Fiskveiðasjóðs Íslands 1968.

Efnahagsreikningur 31. desember 1968.

Eignir :

1. Útlán gegn 1. veðrétti í skipum	kr. 1 765 050 946.59
2. Bráðabirgðalán til innl. skipasmíði	— 78 348 455.66
3. Fasteignalán	— 244 708 309.33
4. Stofnlán A—F	— 347 013 905.40
5. Skuldaskilalán	— 381 800.00
6. Verðbréf	— 42 381 387.95
7. Ýmsir skuldunautar	— 6 761 169.95
8. Bankainnstæður	— 8 334 643.98

Kr. 2 492 980 618.86